

**From:** Sigurður Örn Hilmarsson <[sigurdur@rettur.is](mailto:sigurdur@rettur.is)>

**Sent:** fimmtudagur, 18. nóvember 2021 22:20

**To:** Heiðrún Pálsdóttir <[heidrunp@althingi.is](mailto:heidrunp@althingi.is)>

**Subject:** RE: Frá skrifstofustjóra Alþingis

Sæl Heiðrún,

Til viðbótar við tölvupóst minn hér að neðan vilja umbjóðendur mína koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri við undirbúningsnefndina.

1. Í nýju málsatvikalýsingunni hefur verið felld út umfjöllun um auglýsingu dómsmálaráðuneytisins um fyrri talningu. Að mati umbjóðenda minna skiptir þetta máli vegna samanburðar við síðari talninguna sem var aldrei auglýst og hófst án þess að kjósendur, framboðslistar og umboðsmenna þeirra hefðu vitneskju þar um.
2. Umfjöllun um ástæður fundarfrestunar yfirkjörstjórnar hefur verið stytta og tekinn út texti eins fulltrúa yfirkjörstjórnar um að almennt hefði ekkert verið frábrugðið í þessum kosningum miðað við aðrar sem hún hefði verið við. Í málavaxtalýsingunni liggja núna eingöngu lýsingar þriggja fulltrúa yfirkjörstjórnar. Umbjóðendur mínir gera aftur athugasemdir við að undirbúningsnefndin hafi ekki aflað upplýsinga úr eldri gerðabókum yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis til stuðnings fullyrðingum tveggja fulltrúa yfirkjörstjórnar þess efnis að venja væri fyrir því að fresta fundi með þessum hætti að talningu lokinni. Þá gera umbjóðendur mínir enn fremur athugasemdir við að málavaxtalýsingin veitir engar upplýsingar um afstöðu fimmta fulltrúa yfirkjörstjórnarinnar, líkt og bent var í athugasemdum kæranda 10. nóvember, enda skiptir ljóslega máli að fyrir liggja skýrar upplýsingar um þá óvenjulegu ráðstöfun yfirkjörstjórnar að fresta fundi að talningu lokinni og tryggja ekki öryggi kjörgagnanna.
3. Umfjöllun undirbúningsnefndar um hvort unnt sé að ganga í gegnum starfsmannainnganginn í fremri salinn án þess að það sjáist í mynd er óþarflega óskýr. Annað hvort er hægt að ganga út um starfsmannainnganginn meðfram vegg fremri salar og inn í salinn þar sem kjörgögnin voru geymd án þess að slíkt sjáist á eftirlitsmyndavélunum eins og þær voru 25.-26. september sl. eða ekki. Í málavaxtalýsingunni greinir "að mati nefndarinnar er ekki hægt að ganga í gegnum starfsmannainnganginn í fremri sal án þess að það sjáist á mynd". Ekki fæst séð hvernig undirbúningsnefndin hafi staðið að þessu mati, en athygli vekur að orðalag málsatvikalýsingarinnar lýsir ekki sömu vissu og greinir um möguleika til umgangs um bakdyr aftast í salnum sem undirbúningsnefndin kannaði sérstaklega líkt og greinir í málsatvikalýsingunni. Kærendur telja mikilvægt að allri óþarfa óvissu sé eytt með störfum undirbúningsnefndarinnar og telja því tilefni til að kanna þetta atriði sérstaklega líkt og bent var á í athugasemdum þeirra 10. nóvember sl. Hafi slík könnun þegar verið framkvæmd þætti eðlilegt að greina nánar frá henni í málsatvikalýsingunni.
4. Í málavaxtalýsingunni er sérstaklega tiltekið að á grunnteikningum séu merktar tvöfaldar dyr út úr talningarsalnum hægra megin séð frá aðalinngangi, en þar séu engar dyr núna. Með það að markmið að eyða hugsanlegum óvissuþáttum telja kærendur mikilvægt að getið sé um annað hugsanlegt misræmi grunnteikninga og raunverulegra aðstæðna í húsinu, og nefna þar sérstaklega hringstiga sem merktur er á teikningum í rými á bakvið bakdyr aftast í salnum.
5. Í málavaxtalýsingunni segir að ekki sjáist umgangur annarra en starfsfólks hótelsins á eftirlitsmyndavélaupptökum. Er þar væntanlega átt við upptök myndavélanna inn í salnum þó orðalagið sé óskýrt. Í þessu samhengi vísa kærendur aftur til bréfs Lögreglustjórans á Vesturlandi frá 22. október 2021 þess efnis að mannaferðir sjást á planinu [frá kl. 07:00-13:00] fyrir utan brunaútganginn á nefndum tíma. Þrisvar sinnum sést fólk ganga inn eða út um aðrar dyr á bakhlið hússins." Kærendur hafa engar aðrar upplýsingar um ofangreint en

telja eðlilegt alþingismennirnir sem lesa munu málsatvikalýsinguna verði gert kunnugt um þessar mannaferðir. Þá telja kærendur enn fremur eðlilegt að undirbúningsnefndin afli upplýsinga um hvaða einstaklingar hafi þar verið um að ræða og hvaða erindum þeir voru að sinna með ferðum sínum um bakdyr hússins.

6. Í málavaxtalýsingunni er fjallað um afstöðu fjögur fulltrúa yfirkjörstjórnar um hvort hreyft hefði verið við kjörgögnunum. Af einhverjum sökum liggja engar upplýsingar fyrir um afstöðu fimmta fulltrúa yfirkjörstjórnarinnar til þessa atriðis. Eðlilegt væri að afstaða hans til þessa atriðis kæmi fram í málsatvikalýsingunni, eins og bent var á í athugasemdum kæranda 10. nóvember sl.
7. Í málavaxtalýsingunni er lýst samtali formanns yfirkjörstjórnar við landskjörstjórn kl. 12.32. Formaður yfirkjörstjórnar hefur verið margsaga um þetta atriði en í fundargerð yfirkjörstjórnar er því lýst að samtalið hafi átt sér stað kl. 11.46 eða „um það leyti“ og í greinargerð yfirkjörstjórnarinnar sem virðist stafa frá formanni hennar segir að símtalið hafi verið „um það leyti sem ég mætti aftur á talningarstað rétt fyrir hádegi á sunnudaginn.“ Ástæða er til að nefna þetta atriði í málsatvikalýsingunni enda liggur ekkert fyrir um hvað formaður yfirkjörstjórnar gerði á þessum tíma annað en orð hans um að hann hafi verið að sinna frágangi og tiltekt og hann hafi ekkert verið að spá í kjörgögn eða atkvæðaseðla. Þá getur líka verið að trúverðugleiki formanns yfirkjörstjórnarinnar og áreiðanleiki fundargerðar yfirkjörstjórnarinnar hafi þýðingu við mat á Alþingis á lögmati kosninganna og því eðlilegt að málsatvikalýsingin greini frá þessu ósamræmi sem og öðru sem undirbúningsnefndinni er kunnugt um.
8. Hvað varðar samskipti yfirkjörstjórnar og landskjörstjórnar telja kærendur mikilvægt að málavaxtalýsingin greini líka frá ábendingum landskjörstjórnar til formannsins um mikilvægi þess að umboðsmenn framboðslista verði gert kleift að mæta og fylgjast með endurtalningunni, sbr. orðalag í fundargerð landskjörstjórnar 1. október 2021: „Áréttaði formaður landskjörstjórnar mikilvægi þess að umboðsmenn framboðslista væru viðstaddir endurtalninguna.“
9. Þrátt fyrir ábendingar kæranda 10. nóvember 2021 er í umfjöllun nefndarinnar um ákvörðun um athugun á C-lista atkvæðum engar upplýsingar að finna um hvenær þessi ákvörðun var tekin og eru athugasemdir í 17. mgr. athugasemdanna ítrekaðar.
10. Af málavaxtalýsingunni er óljóst hvort atkvæði C-lista hafi eingöngu verið skoðuð, flokkuð og talin af yfirkjörstjórn áður en talningarfólk mætti á staðinn, sbr. orðalagið „Sagði starfsmaðurinn að yfirkjörstjórn hafi byrjað að telja nokkra listabókstafi áður en hann kom á svæðið. Búið hafi verið að telja nokkra flokka áður en starfsfólk talningar tók við. Eftir að talningarfólk var komið á staðinn fannst ein villa í atkvæðabunkum en hinar hafi áður verið komnar fram.“ og „Annar starfsmaður sem vann við talningu eftir hádegið sunnudaginn 26. september 2021, og mætti á bilinu kl. 14.30 til 15.00, sagði á fundi með nefndinni að talning hafi verið hafin þegar hann mætti á staðinn. Búið hafi verið að fara yfir C-lista atkvæðabunkann og auða og ógilda seðla.“ Því væri rétt að skýrlega kæmi fram í málsatvikalýsingunni hvernig staðið var í reynd að þessari talningu. Ef ekki er unnt að segja til með vissu hvernig þessu var háttað skal þess gætt að fjallað verði sérstaklega um þetta atriði og önnur atriði er varða endurtalninguna í greinargerð eða niðurstöðum undirbúningsnefndarinnar um efni málsins.
11. Umfjöllun undirbúningsnefndar um frávík við athugun sína 11. nóvember 2021 er óskýr, og telja kærendur eðlilegra að undirbúningsnefndin birti töflu, þar sem fram kæmi mismunur niðurstöðu fyrri og síðari talningu yfirkjörstjórnar og þær bornar saman við þau frávík sem fundust við athugun undirbúningsnefndarinnar. Þannig má skilja að undirbúningsnefndin hafi fundið 12 ógild atkvæði sem talin hafi verið sem atkvæði ráðstafað til einstakra framboðslista, en einnig önnur frávík við flokkun eða talningu. Því virðist sem að þessi athugun undirbúningsnefndar hafi í reynd skilað þriðju kosningaúrslitunum í Norðvesturkjördæmi.

Að öðru leyti eru sjónarmið í kærum umbjóðenda minna, fyrri athugasemdum til nefndarinnar og tölvupóstinum hér að neðan ítrekuð.

Bestu kveðjur / Best regards,

Sigurður Örn Hilmarsson hrl.  
Eigandi / Partner

Réttur - Adalsteinsson & Partners  
Klapparstígur 25-27  
101 Reykjavík  
Beinn sími / Direct line: +354 547 2006  
Sími / Tel: +354 547 2000  
[www.rettur.is](http://www.rettur.is)

-----Original Message-----

From: Sigurður Örn Hilmarsson  
Sent: 18 November 2021 16:05  
To: Heiðrún Pálsdóttir <[heidrunp@althingi.is](mailto:heidrunp@althingi.is)>  
Subject: RE: Frá skrifstofustjóra Alþingis

Sæl Heiðrún,

Ég vísa til athugasemda umbjóðenda minna í bréfum til undirbúningsnefndar þann 8. og 10. nóvember sl., varðandi afhendingu þeirra gagna er málsatvikalýsingin byggir á.

Sökum þess að umbjóðendum mínum hefur verið synjað um afhendingu umræddra gagna hafa þau engar forsendur til að meta hvort málsatvikalýsing undirbúningsnefndarinnar sé fullnægjandi lýsing öllum þeim málsatvikum sem máli kunna að skipta við mat á lögmæti alþingiskosninganna í Norðvesturkjördæmi. Þau munu því ekki skila frekari athugasemdum til nefndarinnar vegna málsatvikalýsingarinnar að svo stöddu en áskilja sér allan rétt vegna þessa.

Bestu kveðjur / Best regards,

Sigurður Örn Hilmarsson hrl.  
Eigandi / Partner

Réttur - Adalsteinsson & Partners  
Klapparstígur 25-27  
101 Reykjavík  
Beinn sími / Direct line: +354 547 2006  
Sími / Tel: +354 547 2000  
[www.rettur.is](http://www.rettur.is)

-----Original Message-----

From: Heiðrún Pálsdóttir <[heidrunp@althingi.is](mailto:heidrunp@althingi.is)>  
Sent: 17 November 2021 17:03  
To: Sigurður Örn Hilmarsson <[sigurdur@rettur.is](mailto:sigurdur@rettur.is)>

Subject: Frá skrifstofustjóra Alþingis

Sæll Sigurður

Í viðhengi er bréf frá skrifstofustjóra Alþingis.

Það verður aðeins sent í tölvupósti og því bið ég þig vinsamlegast um að staðfesta móttöku þess.

Bestu kveðjur,

Heiðrún Pálsdóttir  
ritari forseta Alþingis  
Kirkjustræti 8b, 101 Reykjavík  
8677498  
5630925  
heidrunp@althingi.is